

FUNDARBOÐ

**52. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 1. október 2026 og hefst
kl. 17:00**

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2609005F - Bæjarráð - 46**
Lögð fram 46. fundargerð bæjarráðs.
- 2. 2609004F - Skóla- og fræðslunefnd - 27**
Lögð fram 27. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 3. 2609003F - Skipulagsnefnd - 44**
Lögð fram 44. fundargerð skipulagsnefndar.
- 4. 2609002F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 50**
Lögð fram 50. fundargerð afgreiðslufunda byggingarfulltrúa.
- 5. 2609001F - Landbúnaðarnefnd - 5**
Lögð fram 5. fundargerð landbúnaðarnefndar.

Erindi til kynningar

- 6. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fá fundi nr. 1001.
- 9. 2302001 - Ágangur búfjár**
Lagt fram bréf ráðuneytisins til þeirra sveitarfélaga þar sem málefni búfjárbeitar og ágangur búfjár kunna að koma upp, ásamt afriti af bréfi sem ráðuneytið sendi sveitarfélögum í febrúar 2024.

Bæjarráð vísaði málinu, á 46. fundi sínum, til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd og fól nefndinni að rýna möguleika á breyttri nálgun fyrir næsta sumar og leita í því sambandi samráðs við landeigendur, sauðfjárbændur og aðra hagaðila eftir því sem tilefni er til. Jafnframt var nefndinni falið að leita samráðs við önnur sveitarfélög innan fjallskilaumdæmis Snæfellinga um hvort tilefni sé til breytinga á fjallskilasamþykkt, með það að markmiði að skýra framkvæmd og stuðla að aukinni sátt um þessi málefni.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

7. 2601019 - Skipan í farsældarráð

Fyrir liggur að skipa þarf fulltrúa sveitarfélagsins í farsældarráð.

8. 2004021 - Raforkuöryggi á Snæfellsnesi

Lagt fram minnisblað um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Snæfellsnesi.

Bæjarráð fagnaði, á 46. fundi sínum, þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á flutningskerfi raforku á Snæfellsnesi og þeirri vinnu sem hafin er við undirbúning Vegamótalínu 2. Bæjarráð lagði ríka áherslu á að Vegamótalína 2 verði tekin inn á framkvæmdaáætlun næstu kerfisáætlunar og að undirbúningi verkefnisins verði áfram fylgt eftir af fullum þunga, enda er tvítenging Snæfellsness við meginflutningskerfið mikilvæg forsenda fyrir auknu afhendingaröryggi, orkuskiptum og áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Bæjarráð lagði jafnframt ríka áherslu á að Vegamótalína 2 verði rekin á fullum afköstum (132 kV spennu) frá upphafi, þannig að sú fjárfesting og flutningsgeta sem í framkvæmdinni felst nýtist sem best frá fyrsta degi.

Ályktun bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2609012 - Erindi frá VR, LÍV og fagfélögnum

Lagt fram erindi frá VR, LÍV og fagfélögnum til bæjarstjórnar.

Bæjarráð þakkaði, á 46. fundi sínum, fyrir erindið og vísaði því til vinnslu við vinnu við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2027 og þriggja ára áætlunar árána 2028-2030.

11. 2609023 - Þjóðarsátt um verðstöðugleika

Lögð fram áskorun frá Starfsgreinasambandi Íslands og 18 aðildarfélögum þess um þjóðarsátt um verðstöðugleika.

SGS skorar á sveitarfélög landsins að taka þátt í sameiginlegu átaki til að ná niður verðbólgu og vöxtum og stuðla þannig að því að kjarasamningar haldi.

Óskað er eftir að áskorunin verði lögð fyrir bæjar-/sveitarstjórn og henni komið á framfæri við alla kjörna fulltrúa. Jafnframt óskar SGS eftir skriflegu svari sveitarfélagsins við erindinu.

12. 2403002 - Stofnun barnaverndarþjónustu Snæfellsness, Borgarbyggðar & Hvalfjarðarsveitar

Lagður fram samningur aðildarsveitarfélaga að byggðasamlaginu Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSS) um aðild að Barnaverndarþjónustu Vesturlands.

Bæjarráð samþykkti samninginn, á 46. fundi sínum, og vísaði honum til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2609011 - Minnisblað vegna skammtímadvalar í Holti

Lagt fram minnisblað vegna skammtímadvalar í Holti og minnisblað vegna kostnaðarskiptingar sveitarfélaganna á Vesturlandi vegna skammtímadvalar í Holti.

Bæjarráð samþykkir þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu á 46. fundi sínum.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 1912009 - Skógarstrandarvegur

Á 46. fundi bæjarráðs var staða uppbyggingar Skógarstrandarvegar tekin til umræðu í ljósi samþykktar samgönguáætlunar fyrir árin 2026-2040, þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu vegarins. Sérstaklega ver farið yfir stöðu undirbúnings vegna þverunar Álfafjarðar, þ.m.t. fyrirbyggjandi valkosti um veglínu og næstu skref við undirbúning framkvæmdarinnar.

Bæjarráð fagnaði því að áframhaldandi uppbygging Skógarstrandarvegar hafi verið tryggð í samþykktri samgönguáætlun 2026-2040 og ítrekaði mikilvægi þess að framkvæmdum verði fylgt eftir af krafti. Skógarstrandarvegur er stofnvegur og hluti grunnnets samgangna og hefur sveitarfélagið um árabil lagt þunga áherslu á uppbyggingu hans með vísan til umferðaröryggis, byggðaðróunar, atvinnulífs og þjónustu á svæðinu. Samþykkt samgönguáætlun gerir ráð fyrir áframhaldandi fjármögnun vegarins, bæði á fyrsta tímabili og síðari tímabilum áætlunarinnar.

Bæjarráð lagði sérstaka áherslu á að útboð vegna kaflans frá Stykkishólmsvegi að Svelgsá verði auglýst sem fyrst og að framkvæmdum verði hagað þannig að unnt verði að ljúka verkinu eigi síðar en vorið 2027, í samræmi við fyrri áform Vegagerðarinnar. Bæjarráð óskaði jafnframt eftir að Vegagerðin skoði, í samráði við sveitarfélagið og eftir atvikum landeigendur, hvort unnt sé að koma fyrir tímabundinni hjáleid um sumarhúsasvæðið að Saurum á framkvæmdatíma.

Bæjarráð lagði jafnframt þunga áherslu á að undirbúningi áframhaldandi uppbyggingar vegarins frá Svelgsá verði hraðað, þar á meðal rannsóknunum, valkostagreiningu og ákvörðun um framtíðarveglínu og þverun Álfafjarðar. Mikilvægt er að niðurstaða um nýja veglínu yfir Álfafjörð liggja fyrir eins fljótt og kostur þannig að unnt verði að hefja nauðsynlega skipulagsvinnu og tryggja samféllu í undirbúningi og framkvæmdum. Sveitarfélagið vinnur nú að nýju aðalskipulagi og því er sérstaklega brýnt að fyrir liggja framtíðarveglína yfir Álfafjörð svo unnt sé að samræma hana aðalskipulagi Sveitarfélagsins Stykkishólms og Dalabyggðar. Í því sambandi lagði bæjarráð áherslu á mikilvægi þess að um þessa vinnu ríki náíð samráð Vegagerðarinnar og beggja sveitarfélaga sitthvorum megin Álfafjarðar.

Ályktun bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

15. 1604036 - Deiliskipulag hafnarsvæðis

Lagt er til að hafin verði vinna við deiliskipulag á hafnarsvæði til að bæta nýtingu, skipulag og skapa tækifæri til uppbyggingar í samvinnu skipulagsnefndar, atvinnu- og nýsköpunarnefndar og hafnarstjórnar og að skipaður verði starfshópur vegna þeirra vinnu sem vinni með skipulagsfulltrúa að tillögu að nýju deiliskipulagi.

Bæjarráð samþykkti tillöguna, á 46. fundi sínum, og lagði til við bæjarstjórn að skipaður verði starfshópur vegna þeirra vinnu sem vinni með skipulagsfulltrúa að tillögu að nýju deiliskipulagi.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2111004 - Víkurhverfi - heildstæð endurskoðun deiliskipulags

Lagt er til að skipulagsnefnd verði falið, í samvinnu við skipulagsfulltrúa og skipulagshönnuð, að hefja heildstæða yfirferð og endurskoðun á deiliskipulagi Víkurhverfis fyrir svæðið norðaustan Borgarbrautar. Markmiðið verði að samræma skipulag svæðisins og heimfæra yfir hverfið í heild þær áherslur sem mótaðar hafa verið með síðari breytingum á deiliskipulagi Víkurhverfis, þannig að svæðið myndi eina samfellda skipulagslega heild. Við vinnuna verði m.a. horft til byggðamynsturs og heildaryfirbragðs, fjölbreytni í húsagerðum og íbúðastærðum, hagkvæmrar landnýtingar og þéttingar byggðar, götumyndar, umferðaröryggis, göngu- og stígatenginga, grænna svæða og gæða almenningssýma. Jafnframt verði tekið mið af þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað eða verið heimiluð á svæðinu og horft til samræmis við áframhaldandi uppbyggingu Víkurhverfis vestan Borgarbrautar.

Bæjarráð samþykkti, á 46. fundi sínum, að skipulagsnefnd verði falið, í samvinnu við skipulagsfulltrúa og skipulagshönnuð, að hefja heildstæða yfirferð og endurskoðun á deiliskipulagi Víkurhverfis fyrir svæðið norðaustan Borgarbrautar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

17. 2609014 - Lögheimilisskráning fasteignaeigenda í Stykkishólmi

Á 46. fundi bæjarráðs var staða lögheimilisskráningar í íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu þar sem enginn einstaklingur er skráður með lögheimili tekið til umræðu með það markmiði að greina möguleika á að hvetja viðkomandi fasteignaeigendur til að skrá lögheimili sitt í sveitarfélaginu, enda megi ætla að framangreindir eigendur íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu nýti með ýmsum hætti þá innviði og þjónustu sem sveitarfélagið stendur að og vilji leggja sitt af mörkum til að standa undir þeirri þjónustu og viðhalda góðu þjónustustigi í samfélaginu.

Áður hefur sveitarfélagið beint sambærilegri hvatningu til eigenda íbúðarhúsnæðis í Stykkishólmi sem ekki áttu þar lögheimili.

Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 46. fundi sínum, að láta taka saman uppfærðar upplýsingar um fjölda íbúðarhúsnæða í sveitarfélaginu þar sem enginn einstaklingur er skráður með lögheimili og vinna drög að bréfi til viðkomandi fasteignaeigenda sem og atvinnurekenda.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að hún hvetji þá fasteignaeigendur sem eiga sitt annað heimili í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, en eru skráðir með lögheimili annars staðar, til að skrá lögheimili sitt í sveitarfélaginu, en með því leggi þeir sitt af mörkum til að standa undir þeim innviðum og þeirri þjónustu sveitarfélagsins sem þeir nýta ásamt öðrum íbúum sveitarfélagsins og taki þannig virkari þátt í að viðhalda góðu þjónustustigi í samfélaginu.

18. 2608036 - Kosningu í dreifbýlisráð

Lagður fram tölvupóstur frá innviðaráðuneytinu þar sem fram kemur að breyting á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms birtist í B-deild Stjórnartíðinda 29. september. Sama dag voru jafnframt birtar nýjar reglur sveitarfélagsins um kosningu í dreifbýlisráð.

Á 46. fundi bæjarráðs var tekin er til umræðu ákvörðun um kjördag vegna kosningar í dreifbýlisráð.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að boðað verði til beinnar kosningar tveggja

aðalmanna og tveggja varamanna í dreifbýlisráð Sveitarfélagsins Stykkishólms og að kjördagur verði laugardaginn 7. nóvember 2026.

Bæjarráð lagði jafnframt til að bæjarstjóra verði falið að annast nauðsynlegar tilkynningar vegna kosningarinnar, þ.m.t. til kjörstjórnar og Þjóðskrár Íslands. Jafnframt verði því beint til kjörstjórnar að Félagsheimilið Skjöldur verði kjörstaður vegna kosningarinnar.

Kjörstjórn annist að öðru leyti undirbúning og framkvæmd kosningarinnar, þ.m.t. endanlega ákvörðun um kjörstað og opnunartíma, í samræmi við samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, reglur um kosningu í dreifbýlisráð og reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.

19. 2609005 - Heimild til grenndarkynningar Víkurflöt 10

Óskað er eftir heimild til að grenndarkynna byggingu 12 fermetra geymsluskúrs á lóðinni. Óskað er eftir að kynna fyrir eigendum Garðaflatar 7 og 9 og Víkurflatar 8.

Skipulagsnefnd heimilaði, á 44. fundi sínum, byggingu geymsluskúrs á lóðinni að undangenginni grenndarkynningu. Grenndarkynna skal fyrir eigendum Garðaflatar 7 og 9 og Víkurflatar 8.

Bæjarráð staðfesti, á 46. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

20. 2609017 - Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2026-2029

Lagður fram viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2026-2029.

Bæjarráð samþykkti, á 46. fundi sínum, viðauka 2 við fjárhagsáætlun 2026-2029 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hann.

21. 1909042 - Uppbygging hjúkrunarheimilis í Stykkishólmi

Lögð fram gögn og upplýsingar vegna uppgjors á framkvæmdum við hjúkrunarheimili í Stykkishólmi.

Bæjarráð lýsti, á 46. fundi sínum, verulegum áhyggjum af stöðu uppgjors framkvæmdarinnar og þeirri umtalsverðu viðbótarkröfu sem nú er gerð á sveitarfélagið, löngu eftir að framkvæmdum lauk. Samkvæmt upplýsingum Framkvæmdasýslunnar/Ríkiseigna í árslok 2022 var hlutdeild sveitarfélagsins vegna hjúkrunarheimilishlutans metin um 104 m.kr., en fyrirbyggjandi uppgjörsgögn gera nú ráð fyrir verulega hærri hlutdeild. Þá var á þeim tíma gert ráð fyrir að endanlegt uppgjör verkefnisins færi fram á árinu 2023.

Áður en tekin verður afstaða til kröfunnar telur bæjarráð nauðsynlegt að fyrir liggi fullnægjandi og afstemmt uppgjör, þar sem gerð verði grein fyrir kostnaðarskiptingu, grundvelli 17% hlutdeildar sveitarfélagsins og þeim heimildum og samþykktum sem lágu til grundvallar breytingum á kostnaðar- og greiðsluáætlunum.

Jafnframt er óskað eftir breyttum greiðsluáætlunum og samþykki þeirra, samningi um fjármögnun og upplýsingagjöf sem gert var ráð fyrir í samkomulagi aðila frá 17. maí 2018 og skilamati framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir gögnum sem sýna með hvaða

hætti kostnaðaraukar og breytingar á fjárhagslegum forsendum framkvæmdarinnar voru kynntar stýrihópi og sveitarfélaginu og eftir atvikum bornar undir sveitarfélagið til samþykktar, auk gagna um boðun og aðkomu fulltrúa sveitarfélagsins að verkfundum þar sem fjallað var um breytingar á verkinu og kostnaðarauka.

Bæjarráð tekur ekki afstöðu til greiðsluskyldu sveitarfélagsins vegna fyrirbyggjandi kröfu fyrir en framangreind yfirferð hefur farið fram og upplýsingar liggja fyrir.

Bæjarráð fól bæjarstjóra og fjármála- og skrifstofustjóra að kalla eftir framangreindum gögnum svo hægt sé að greina. Að þeirri yfirferð lokinni verði haldinn fundur fulltrúa beggja aðila vegna málsins.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til umræðu og afgreiðslu.

22. 2609026 - Erindi frá Aftanskin

Lagt fram erindi frá Aftanskin, félagi eldri borgara í Stykkishólmi, þar sem félagið lýsir áhyggjum vegna stöðu húsnæðismála aldraðara í sveitarfélaginu.

23. 2609027 - Fækkun lögregluembætta

Lögð fram áform dómsmálaráðherra um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi lögreglu. Áformin fela í sér fækkun lögregluembætta úr níu í þrjú, þar sem embætti lögreglustjórans á Vesturlandi verði sameinað embættunum á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.

Samkvæmt kynningu ráðuneytisins er breytingunum ætlað að efla löggæslu og sérhæfingu, halda fjölda starfsstöðva óbreyttum og tryggja nálægð við ákvarðanatöku með aðstoðarlögreglustjórum.

Málið er lagt fram til umfjöllunar vegna þeirra hagsmuna sem undir eru og í ljósi þess að mikilvægt er að afla frekari upplýsinga um áhrif á Vesturlandi með áherslu á þjónustu í sveitarfélaginu og nærliggjandi svæðum.

24. 2608050 - Afsögn bæjarfulltrúa

Lagt fram erindi þar sem Ólöf Inga Stefánsdóttir segir af sér sem varabæjarfulltrúi.

Bæjarráð vísaði, á 46. fundi sínum, afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

25. 2205039 - Kjör nefnda í samræmi við samþykktir sameinaðs Sveitarfélagsins Stykkishólms

Kosningar í nefndir og ráð í kjölfar þess fulltrúi Í-lista missti kjörgengi sitt sbr. mál nr. 24.

26. 2609021 - Forsendur fjárhagsáætlunar 2027-2030

Lagðar fram forsendur fjárhagsáætlunar 2027 og til þriggja ára 2028-2030.

Bæjarráð vísaði, á 43. fundi sínum, forsendum til samþykktar í bæjarstjórn.

27. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispointar bæjarstjóra.

29.09.2026

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.